

RÚV - rás 1

Fréttauki á laugardegi 15. nóvember 1997

**AGNETA STARK, KRISTÍN ÁSTGEIRSDÓTTIR OG GUÐNÝ GUÐBJÖRNNSDÓTTIR
í viðtali við**

Jóhann Hauksson.

Jóhann: Vera má að landsfundur Kvennalistans sem stendur yfir á Úlfþjótsvatni um þessa helgi fái sérstakan sess á spjöldum sögunnar. Þar er nefnilega eins líklegt að framtíð hans ráðist. Ætlar Kvennalistinn t.d. að bjóða sig fram í alþingiskosningunum 1999? Gengur hluti Kvennalistakvenna til liðs við sameiginlegt framboð félagshygguflokkja ef þeir nú samfylkjia fyrir næstu kosningar? Vist er að á landsfundinum eru ræddar leiðir í kvenréttindabaráttu náinnar framtíðar. Er t.d. vist að það tryggi hag kvenna best að efla flokksstarf og ná sem mestum ítökum á Alþingi? Er e.t.v. betra að fara allt aðrar leiðir t.d. að vinna að því að sem flestar konur komist í áhrifastöður í stjórnkerfinu? Dr. Agneta Stark er sánskur hagfræðingur og virk í kvennabaráttu í Svíþjóð. Í aðdraganda landsfundarins flutti hún fyrirlestur á vegum Kvennalistans um það hvernig koma megi landsfeðrum á jafnréttisnámskeið en í byrjun áratugarins stofnuðu nokkrar konur í Stokkhólmi það sem þær kölluðu stuðningssokkur sbr. rauðsokkur. Stuðningssokkurnar mynduðu eins konar laustengd samtök þegar ljóst varð að hlutfall kvenna á sánska þinginu hafði lækkað verulega í byrjun áratugarins í fyrsta skipti frá því sánskar konur fengu kosningarétt árið 1920 og við því varð að bregðast.

Agneta: Stuðningssokkurnar áttu að styðja við bakið á konum sem reyndu að hasla sér völl í stjórnálum, í stjórnálaflokkunum þannig að konur fengju sinn réttmæta skerf og héldu eða bættu stöðu sína á þeim vettvangi. Einnig var þeim ætlað að veita konum stuðning í málefnum sem snertu konur sérstaklega, segir Agneta.

Jóhann: En var þá ætlunin að hræða valdakjarna stjórnálaflokkanna gömlu til þess að taka í ríkara mæli en áður tillit til jafnréttismála og kvenréttinda?

Agneta: Það var ætlun okkar að hræða gömlu flokkana og okkur tókst það því ef þeir tækju sig ekki til og bættu stöðu kvenna innan flokkanna vofði yfir stofnun kvennalista í Svíþjóð að íslenskri fyrirmýnd m.a. en við viljum einmitt að hlutur karla og kvenna sé jafn innan flokkanna, í valdastofnunum þeirra og á framboðslistum. Kvennaframboð er sem sagt ekki sérstakt markmið okkar ef hlutur kynjanna er jafn í stjórnálum yfirleitt.

Jóhann: Spyrjum Agnetu hvað henni finnist um Kvennalistann og framtíð hans. Tekur hún afstöðu til þess hvort Kvennalistinn eigi að halda áfram sem stjórnálalafl, stjórnálaflokkur sem berst fyrir sætum á þingi eða ætti hann að mynda samfylkingu með félagshygguöflunum? Hvað sýnist Agnetu um þetta?

Agneta: Stuðningssokkurnar hótuðu að stofna stjórnálaflokk sem neyðarúrræði ef flokkarnir gömlu bættu sig ekki í jafnréttismálum. Þetta varð til þess að sánski

jafnaðarmannaflokkurinn setti konu í annað hvert sæti á framboðslistum sínum um allt land og þáverandi formaður flokksins sagði að ef til þess kæmi að hann myndaði ríkisstjórn yrði helmingur ráðherranna konur. Og þannig er það í Svíþjóð í dag. Þetta hafði líka áhrif á hina flokkana og þar með höfðum við náð tilgangi okkar. En hafi stjórmálaflokkur verið stofnaður verður Kvennalistinn eins og aðrir flokkar að hugleiða og gera upp við sig hvort hann ætlar að halda áfram sem slíkur og mér finnst það bera vott um pólitískan þroska að spryrja þessarar spurningar í alvöru eins og Kvennalistinn gerir nú; hvort heppilegt sé að halda áfram sem stjórmálaflokkur. Ég fyrir mitt leyti segi að fengi Kvennalistinn mikla samkeppni frá alvarlega þenkjandi stjórmálaflokkum og sér í lagi ef þeir væru nú fleiri en einn sem hæfu jafnréttismálin til vefs í orði og verki t.d. með skipan á framboðslista sína þá væri það vitanlega það allra besta og þörfin fyrir sérstakt kvennaframboð yrði lítið. Það er nefnilega erfitt að reka sérstakt kvennaframboð sem stjórmálaafl því mál þeirra tvinnast svo rækilega saman við aðra hagsmuni og málaflokka sem ekki eru beinlínis kynbundnir. Þannig verður Kvennalistinn að stilla sér upp til hægri eða vinstri í mörgum málum sem ekki eru kynbundin.

Jóhann: Þetta segir Agneta Stark. En er e.t.v. rétt að taka upp aðrar baráttuaðferðir en að keppa að góðu gengi sem stjórmálalafl í þingkosningum? Hvað um að konur fái aukinn hlut í stjórnerfinu?

Agneta: Já, þetta er þannig að embættismenn taka við skipunum og fara eftir settum reglum og þær eru settar af stjórmálamönnum en stjórmálamenn eru fóðraðir af upplýsingum, skýrslum og alls kyns gögnum sem þeir byggja ákvarðanir sínar á og þessi gögn fá þeir hjá embættismönnum og öruggasta leiðin til að hafa áhrif á stjórmálamenn eru skýrslur um velferðarmál, heilbrigðismál, tölulegar upplýsingar af alls kyns tagi um stuðningsaðgerðir og utanríkismál svo eitthvað sé nefnt. Og þessar upplýsingar koma frá stjórnerfinu. Þar eru embættismenn margir, skipaðir til langs tíma en stjórmálamenn koma og fara. Þarna er líka leið og möguleiki fyrir konur til að rétta hlut sinn. Embættismenn hafa mikil áhrif.

Jóhann: Agneta Stark fjallaði um það í fyrirlestri sínum hvernig koma ætti landsfeðrunum á jafnréttisnámskeið. Þetta var raunar gert í Svíþjóð.

Agneta: Það var árið 1994 sem stjórn jafnaðarmanna setti jafnréttismálin mjög ofarlega á forgangslista í stefnuskrá sinni og Mona Sahlin varaforsætisráðherra ákvað að allir ráðherrarnir, æðslu embættismenn og forstjórar hjá ríkinu yrðu sendir á jafnréttisnámskeið eða fengju nasasjón af jafnréttishugsun og kunnáttu. M.a. var leitað til mín og á fyrsta námskeiðið komu Ingvar Karlsson þáverandi forsætisráðherra og 10-12 aðrir ráðherrar. Í 3 tíma fórum við yfir upplýsingar um alls kyns velferðarþætti og mál tengd jafnrétti kynja. Við ræddum kynferði, stéttarstöðu, uppruna fólks, atvinnuleysi og fleira. Þetta var eins konar bakgrunnur fyrir þá segir Agneta Stark, hagfræðingur sem skólað hefur sánska valdamenn í jafnréttismálum á undanförnum árum.

Jóhann: En þá víkur sögunni að Úlfhljótsvatni. Þar er Kristín Ástgeirs dóttir, Kvennalistanum. Þið sitjið þarna á landsfundi Kvennalistans og hún sagði hér

áðan hún Agneta Stark að ef þið fengjuð nú gott tilboð frá öðrum stjórnmálflokkum þar sem yrði komið til móts við allar kröfur ykkar um jafna stöðu kynjanna og jafnrétti kynja o.s.frv. þá kæmi nú kannski til álita að leggja Kvennalistann niður sem stjórnmálafl og það væri svona þroskamerki að íhuga þessa spurningu í alvöru, sagði hún, enda væri það svo að í mörgum málum og málflokkum þurfi konur að stilla sér upp til hægri eða vinstri af því að málaflokkarnir eru ekki beinlínis kynbundnir. Hvaða afstöðu hefur þú varðandi þetta?

Kristín: Já, við höfum alltaf sagt að við stefndum að því að gera okkur sjálfar óþarfar og þegar sá tími væri kominn að þjóðfélagið hefði fullan skilning á mismunandi stöðu kvenna og karla og tæki tillit til þess þá værum við auðvitað óþarfar. En það er auðvitað ákaflega langt í land og það liggar ekkert slíkt tilboð fyrir hvorki frá einum né neinum og eins og ég sé hlutina þá finnst mér íslenska flokkakerfið eiga mjög langt í land með að, ja, bæði að viðurkenna og að sýna vilja til þess að breyta stöðu kvenna. En hins vegar er það alveg rétt að auðvitað eiga konur og karlar samleið í mörgum málum og við erum auðvitað oft að taka afstöðu til mála eftir ýmsum grundvallarhugmyndum eins og t.d. hvers konar velferðarkerfi við viljum hafa og hvernig við viljum reka það, hvað menn vilja ganga langt í markaðsvæðingu og ýmsu slíku þar sem ekki er spurning um mismunandi afstöðu kynja heldur svona grundvallarlífsskoðanir. Þannig að ég get nú tekið undir þetta með henni en eins og ég segi það er bara svo langt í frá að slíkt ástand sé komið að það sé hægt eithváð að treysta flokkakerfinu sérstaklega fyrir kvennabaráttunni. Ég held að það sé ansi langt í það land.

Jóhann: En ég ætla að spyrja þig annarrar spurningar. Ert þú jafn hörð gegn því eins og þú, Kristín Ástgeirs dóttir hefur verið gegn samfylkingarhugmyndum við félagshyggyjufólk?

Kristín: Já, mín skoðun er algerlega óbreytt að ég tel að Kvennalistinn sem heild eigi ekki að fara inn í þær viðræður og þá verði bara leiðir hreinlega að skilja ef það er svona mismunandi afstaða til þess. Ég legg mesta áherslu á það að við höldum áfram í kvennabaráttu og þar er svo sannarlega verk að vinna og af nógu að taka en við verðum bara að sjá hverju fram vindur hér og hvers konar tillögur koma fram og hver niðurstaðan verður.

Jóhann: Þetta sagði Kristín Ástgeirs dóttir en í símanum er Guðný Guðbjörns dóttir. Guðný þú ert ekki alveg sömu skoðunar og Kristín varðandi samfylkingarmál á vinstri vængnum. Eru komnar fram beinharðar tillögur sem þið ætlið að taka afstöðu til á morgun þar um?

Guðný: Nei, við erum ekkert farnar að ræða þetta mál enn þá. Við höfum núna verið að ræða um, þingflokkurinn hefur verið að gera grein fyrir störfum sínum og þar m.a. vil ég geta sérstaklega að við vorum að leggja fram nýtt frumvarp til fæðingarorlofs í gær á Alþingi, í fyrradag, og það var nefnilega sérstök tilmæli landsfundar frá því í fyrra að það yrði gert þannig að það fékk mjög góðar undirtektir og við erum mjög ánægðar með það en það frumvarp er einmitt lagt

fram af okkur Kvennalistakonum ásamt Sighvati Björgvinssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur og Sigríði Jóhannesdóttur. Þannig að þetta er svona stjórnarandstöðuflokkafrumvarp. En ég held að sem sagt þessi umræða fer aðallega fram á morgun og það er mín tilfinning hér á fundinum að það sé mjög svona, það blási byrlega með samfylkingarsinnum. En form þessarar samfylkingar er algerlega órætt en okkar meginkröfur eru auðvitað, munu verða jafnréttismálin og við erum núna að fjalla um þau mjög ítarlega, bera saman, reyna að átta okkur á, fylgja eftir máli sem ég hef verið með o.fl. í þinginu í veturnar hvers vegna þessi jafnréttislög virka ekki og við erum núna að reyna að átta okkur á hvað er hægt að gera og m.a. með því að bera jafnréttislöggjöfina saman við samkeppnislöggjöfina. Og við erum búnar að setja fram ítarlegar hugmyndir um mainstreaming eða samþættingu eins og það er kallað þannig að þetta hefur hlotið góðar undirtektir í þeim samfylkingarumræðum sem þegar hafa átt sér stað á milli okkar hóps, kvenna innan Kvennalistans og hinna flokkanna þannig að ég tel að þetta sé allt á mjög góðum dampi og hlakka til að takast á við umræðuna á morgun en það eru ekki komnar fram neinar skýrar tillögur um það á þessari stundu.

Jóhann: Ég ætla að biðja þig um að gerast spámannlega vaxin, ef ég héldi því nú fram að þetta yrði sögulegur fundur sem mundi fá sérstakan sess á spjöldum sögunnar, tekurðu undir það?

Guðný: Já og nei, ég held að það sem ég vildi sjá út úr þessum fundi væri bara einhvers konar, að Kvennalistinn í heild myndi ganga til viðræðna um samstarfsgrundvöll til fjögurra ára og síðan er það að sjálfsögðu landsfundar Kvennalistans að taka endanlega afstöðu og það getur auðvitað allt gerst í svona samræðum. Hugsanlega ganga þær ekki og þá tel ég mjög gott að Kvennalistinn í heild geti þá tekið þá afstöðu; hvað gerum við þá. Þannig að ég vil meina að þetta geti orðið mikilvægt skref en lokaskrefið verður aldrei stigið fyrr en á næsta landsfundi Kvennalistans sem hugsanlega yrði flýtt ef þess væri þörf.